



Reykjavík 30. október 2008 nr. 1.

Til formanna klúbba

Alþjóðasamtök Soroptimista vinna á hverjum tíma að fjögurra ára alþjóðlegu verkefni

sem er unnið í samráði við önnur NGO (frjáls félagasamtök) eða í samráði við Sameinuðu þjóðirnar. Heimshlutasambönd Soroptimista stinga upp á verkefni til fjögurra ára og að þessu sinni voru það Stóra Bretland og Írland sem völdu verkefnið **“A Family and a Future” fyrir 2007-2011**. Samstarfsaðili verkefnisins er **“Hope and Homes for Children”**. Þetta eru NGO samtök sem eiga uppruna sinn í Bretlandi og vinna með börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða í neyð. Samtökin byggja á því að sérhvert barn eigi skilið að alast upp hjá fjölskyldu sem gefur því ást og öryggi á heimili svo þau fái notið hæfileika sinna.

Staðsetning verkefnisins er í Sierra Leone sem er á vesturströnd Afríku. Þetta er eitt fátækasta ríki heims og er enn að ná sér eftir 10 ára borgarastyrjöld. Eins og ævinlega í stríði eru það konur og stúlkubörn sem þjást hafa mest. Talið er að þriðja til fjórða hvert barn nái ekki fimm ára aldri. Verkefnið er bæði unnið í borgum og dreifðum byggðum og byggist í aðalatriðum á því:

- að koma í veg fyrir að fjölskyldur sundrist vegna fátæktar, veikinda eða dauða annars eða beggja foreldra
- að hjálpa ungum börnum sem hafast við á götum að snúa heim. Börnin sem eru allt niður að sex ára aldri eru í mikilli hættu fyrir hvers konar misnotkun
- að hvetja og leiðbeina ungum mæðrum sem búa einar í sumum tilvikum vegna útskúfunar fjölskyldna þeirra þar sem þær hafa átt óskilgetin börn. Þær eru líka í hættu vegna misnotkunar og börn þeirra eiga það á hættu að vera vanrækt.

Verkefnið **“Project Sierra”** er ætlað að hjálpa þeim konum og börnum sem hvað verst hafa orðið úti. Það er gert meðal annars með því að tengjast samtökum sem eru á staðnum (**“Help a Needy Child in Sierra Leone”**) til að byggja upp gagnkvæman skilning og tryggja að verkefnið haldi áfram. Hafdís Karlsdóttir fyrsti varaforseti Evrópusambandsins hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Evrópusambandsins og hefur hún fengið í lið með sér Lisbeth Hass sem er einnig fóstara verkefnisins í Danmörku.

Undirrituð er fóstara verkefnisins á Íslandi og hvet ég klúbba til að tilnefna eina systur sem tengilið við verkefnið í sínum klúbbi t.d. varaformann eða verkefnastjóra alþjóðlegrar vináttu og skilnings eða þá sem klúbburinn kemur sér saman um. Gott væri að fá að vita sem fyrst hverjar veljast í verkefnið. Ég býðst til að koma í klúbba og kynna verkefnið. Á næstunni

verður sendur diskur með kynningarefni sem tekur um 5 mínútur að spila. Einnig er rétt að benda á heimasíðu verkefnisins sem er www.projectsierra.org.

Landssambandið vill mæla með verkefni sem hefur verið notað í Danmörku og Noregi og fengið góðar undirtektir, en það eru svokölluð gjafabréf. Hugmyndin byggist á því að ef einhver sem okkur þykir vænt um og viljum gleðja á merkum tímamótum og okkur hefði fundist við hæfi að senda heillaóskaskeyti eða blóm þá í staðinn sendum við gjafabréf að fjárhæð kr. 2.000, 5.000 eða 10.000 eftir atvikum.

Stofnaður hefur verið reikningur í nafni Landssambandsins þar sem þeir fjármunir sem safnast verða lagðir inn. Nánari upplýsingar um gjafabréfin, útlit þeirra, dreifingu og frekari útfærslu verða kynntar á næstunni. Klúbbar geta síðan að sjálfsögðu valið sér verkefni innan hvers klúbbs sem gæti tengst þessu samstarfsverkefni.

Með systrakveðju

Kristín Norðfjörð

Bakka- og Seljeklúbbi